



Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri fyrir skólaárið 2018-2019

Ábyrgðaraðili: Jóna Benediktsdóttir

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2018-2019

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Stiklað á stóru um óvænt atriði.....	2
Starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri skólaárið 2018-2019.....	2
Nemendafjöldi	3
Nefndir og ráð	3
Fjöldi kennslustunda.....	4
Skipulag kennslu	4
Samstarf heimila og skóla	5
Heimsóknir	5
Markmið og stefna.....	7
Starfsmarkmið skólaársins 2018-2019	7
Kennsla og skipulag bekkjardeilda.....	10
Yngsta stig	10
Miðstig.....	11
Elsta stig	12
Sameiginlegir hópar.....	14
Smiðjur	14
Valgreinar	15
Forföll nemenda	16
Um starfsmannamál.....	16
Niðurstöður samræmdra prófa.....	17
Lesferill.....	18
Aðkeypt þjónusta.....	18
Sjálfsmat	18
Viðhald	18
Fjárhagsáætlun.....	19
Samstarf við nærsamfélagið og gjöf til skólans	19
Lokaorð	19

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri 2018-2019

Inngangur

Í ársskýrslu Grunnskólans á Suðureyri er lýst helstu skipulagsatriðum vetrarstarfsins og stiklað á stóru í yfirferð yfir helstu verkefni. Tilgangur með ritun skýrslunnar er að halda til haga helstu upplýsingum um skólastarfið. Skýrslan er send Skólasviði Ísafjarðarbæjar og skólaráði Grunnskólans á Suðureyri og birt á heimasíðu skólans. Grunnskólinn á Suðureyri hóf starfsemi 1908. Skólastjóri frá hausti 2018 er Jóna Benediktsdóttir sem er jafnframt ábyrgðaraðili þessarar skýrslu.

Stiklað á stóru um óvænt atriði

Flest atriði skólastarfsins í vetur hafa gengið samkvæmt áætlun eins og sjá má á yfirferð starfsmarkmiða hér á eftir. Það koma þó alltaf upp óvænt atriði og á því varð ekki undantekning á þessu ári. Vinna við að koma á góðu verklagi til samræmis við ný lög um persónuvernd tók talsverðan tíma og nú er búið að flokka og raða öllum upplýsingum um núverandi nemendur og starfsmenn í læstan skjalaskáp og meðferð persónuupplýsinga og mynda af nemendum er nú samkvæmt viðmiðum þar um og ber skýrsla þessi þess merki. Mygla greindist í húsnæði skólans og loka þurfti einni kennslustofu fyrir páskafrí. Það hafði óneitanlega áhrif á skólastarfið en öll mál voru leyst með samvinnu starfsmanna. Það verður einnig til þess að fara þarf í miklar viðgerðir á húsnæði skólans í sumar og vonandi ganga tímaáætlanir vegna þeirra eftir.

Starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri skólaárið 2018-2019

Í vetur hafa starfað við skólann 17 starfsmenn í misstórum stöðuhlutföllum, sumir þeirra aðeins hluta úr ári eða við tímabundin verkefni.

Starfsmenn allt árið:

Aldís Jóna Haraldsdóttir,	35% starf, leiðbeinandi
Arnheiður Svanbergisdóttir	50% starf, stuðningsfulltrúi
Bryndís Birgisdóttir	100% starf, umsjónarkennari
Helena Hrund Jónsdóttir	skólahjúkrunarfræðingur
Janusz Frach	8% starf, leiðbeinandi
Jóhannes Aðalbjörnsson	100% starf, kennari
Jóna Benediktsdóttir	100% starf, skólastjóri
Jónína Hrönn Símonardóttir	20% starf, náms-og starfsráðgjafi
Kristrún Linda Jónasdóttir	50% starf, stuðningsfulltrúi
Ólöf Birna Jensen	100% starf, leiðbeinandi
Sara Hrund Signýjardóttir	61% starf, leiðbeinandi og umsjónarkennari
Thitikan Janthawong	50% starf, skólaliði
Vilborg Ása Bjarnadóttir	100% starf, umsjónarkennari

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2018-2019

Námsráðgjafi er ráðinn við Skólasvið Ísafjarðarbæjar og er yfirleitt við í skólanum á mánudögum og skólahjúkrunarfræðingur er ráðinn við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og sinnir lögbundinni þjónustu við skólann með reglulegum heimsóknum.

Starfsmenn hluta úr ári eða við tímabundin verkefni:

Bjarney Halldórsdóttir	leiðbeinandi, íþróttir
Óskar Jón Guðmundsson	leiðbeinandi, íþróttir
Páll Janus Þórðarson	sund
Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir	dans

Auk þeirra hefur skólinn fengið nokkra gestakennara sem getið verður í kaflanum um heimsóknir.

Nemendafjöldi

Í upphafi skólaárs voru nemendur 41 en við lok þess voru þeir 38 og dreifing í árganga sem hér sýnir:

bekkur	stúlkur	drengir	alls
1	1	1	2
2	1	1	2
3	2	2	4
4	3	4	7
5	0	5	5
6	0	2	2
7	3	2	5
8	5	1	6
9	2	1	3
10	1	1	2
alls	18	20	38

Hlutfall nemenda sem eiga annan eða báða foreldra af erlendum uppruna er 50%.

Nefndir og ráð

Samkvæmt reglugerð skal starfa skólaráð og nemendaverndarráð við skólann.

Þetta skólaár störfuðu í skólaráði Jóna Benediktsdóttir, skólastjóri, Vilborg Ása Bjarnadóttir, kennari, Krístrún Linda Jónasdóttir, stuðningsfulltrúi, Weronika Anikej og Svanfríður Guðný Þorleifsdóttir, fulltrúar nemenda, Svava Rán Valgeirsdóttir og Tara Óðinsdóttir fulltrúar foreldra og Guðni Einarsson, fulltrúi nærsamfélags. Skólaráð fundaði tvisvar á skólaárinu og fór yfir hefðbundin verkefni skólaráðs svo sem skóladagatal og almennt skipulag skólustarfsins. Einu athugasemdir skólaráðs lúta að skipulagi skólalóðar og hefur þeim athugasemdum verið komið á framfæri við tæknideild Ísafjarðarbæjar.

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2018-2019

Í nemendaverndarráði störfuðu Jóna Benediktsdóttir, skólastjóri, Vilborg Ása Bjarnadóttir, kennari, Helena Hrund Jónsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur, Jónína Hrönn Símonardóttir, náms- og starfsráðgjafi og Arna Ýr Kristinsdóttir, fulltrúi barnaverndar. Nemendaverndarráð fundaði tvisvar á skólaárinu.

Í skólanum starfaði einnig nemendaráð sem skipuleggur félagslíf nemenda. Í því sitja allir nemendur unglíngastigs. Vinna þess var með hefðbundnum hætti, skipulögð voru margskonar skemmtikvöld, leikir og fleiri uppákomur fyrir alla í skólanum. Ekki náðist að koma út skólablaði að þessu sinni.



Nemendur á Halloween balli

Fjöldi kennslustunda

Skólaárið 2018-2019 var skólanum úthlutað 143 kennslustundum og voru þær allar nýttar. Þar af fóru 14 í beina sérkennslu eða kennslu í öðru móðurmáli en íslensku og 24 í skiptikennslu í verkgreinum og vali.

Skipulag kennslu

Nemendur skólans eru tæplega 40 og er kennt í þremur bekkjardeildum. 1.-4.bekkur með 15 nemendur, 5.-7.bekkur með 12 nemendur og 8.-10.bekkur með 11 nemendur. Við skipulag skólastarfsins er lögð áhersla á að uppfylla skyldur samkvæmt viðmiðunarstundaskrá þrátt fyrir að það geti verið flókið þegar um svo fáa nemendur er að ræða. 1.-6.bekkur eru saman í verkgreinum sem eru skipulagðar sem smiðjur, þá fara nemendur í tilteknar vikur í hverja grein og skipta svo. Aukin áhersla var lögð á forritunarkennslu sem nemendur voru mjög áhugasamir um. 7.-10.bekkur voru saman í samskonar fyrirkomulagi í valgreinum. Allar valgreinar voru kenndar af kennurum skólans og réðist framboðið af þeim viðfangsefnum sem þeir treystu sér til að kenna. Sund var kennt í námskeiðsformi á haustönn og til stóð að vera einnig með námskeið á vorönn en ekki fékkst kennari í það. Nemendur á mið-og eldra stigi fengu 30 sundtíma í vetur en nemendur yngra stigs aðeins 15 tíma. Dans



Forritunarverkefni nemenda á miðstigi sem lögð í glugga skólans í jólafríinu.

var einnig kenndur í námskeiðsformi og fengu allir nemendur 7 kennslustundir í dansi. Nemendur í 8.-10.bekk fengu einnig 12 kennslustundir Fab-lab smiðju.

Samstarf heimila og skóla

Samstarf heimilis og skóla var með ágætum á skólaárinu. Í upphafi skólaárs komu foreldrar allra nemenda með þeim á markmiðsfund í skólanum, þar voru í sameiningu lagðar línur fyrir veturinn. Í septemberbyrjun var haldinn almennur kynningarfundur fyrir foreldra þar sem helstu verkfæri Uppbyggingarstefnu voru kynnt og almennar samræður fóru fram um skólastarfið. Þá voru einnig haldnir hópfundir í öllum bekkjardeildum þar sem fjallað var um helstu áherslumál vetrarins. Á degi íslenskrar tungu var foreldrum og öðrum gestum boðið á lestrarhátíð í skólanum. Þá höfðu nemendur undirbúið upplestur og söng og boðið var upp á veitingar. Í framhaldi af því komu nokkrir foreldrar og lásu sínar uppáhaldssögur fyrir nemendur. Um miðjan febrúar voru foreldraviðtöl þar sem nemendur, foreldrar og kennarar ræddu framgang markmiða og námsframvindu. Í lok febrúar var einnig haldið samræðuþing foreldra þar sem foreldrar ræddu í hópum um hlutverk heimila og skóla og skilgreindu með hvaða hætti hvor aðili um sig gæti sem best stuðlað að alhliða þroska nemenda. Niðurstöður af þeim fundi eru hluti af sjálfsmatsgögnum skólans og liggja því til grundvallar við umbótaáætlun. Nemendur buðu foreldrum einnig á kynningar á verkefnum sínum við ákveðin kaflaskil. Samþykktir foreldrafélags skólans voru endurnýjaðar og sótt um sérstaka kennitölu fyrir félagið. Foreldrafélagið hélt þjóðmenningarhátíð í mars þar sem fjölbreytileikanum var fagnað með margvíslegum hætti. Aðalfundur félagsins var svo haldinn í byrjun maí þar sem Lilja Einarsdóttir, Monika Tyszkiewice og Katarzyna Maliszewska voru kjörnar í stjórn. Í lok maí var svo hin hefðbundna skólasýning með veitingasölu þar var öllum bæjarbúum var boðið að koma og skoða verk nemenda.



Á skólasýningu

Heimsóknir

Hér verður reynt að gera grein fyrir helstu heimsóknum sem nemendur fóru í og viðburðum sem þeir voru þátttakendur, einnig heimsóknum í skólann sem varða nám nemenda eða skipulag kennslu. Talsvert samstarf var við hinu litlu skólana í sveitarfélaginu. Þeir komu til okkar á „Öðruvísleikana“ sem er sameiginlegur leikjadagur minni skólanna á svæðinu. Einnig

Þegar Þorgrímur Þráinsson rithöfundur kom í heimsókn og svo fórum við til þeirra á fyrirlestur Siggu Daggar kynfræðings, Skáld í skólum, Stóru upplestrarkeppnina og nemendur unglingastigs fóru á kjakak á Flateyri. Starfsmenn átta einnig í bæði formlegu og óformlegu samstarfi, sameiginlegur starfsdagur litlu skólanna var haldinn á Suðureyri, þar kynnti persónuverndarfulltrúi Ísafjarðarbæjar nýjar reglur og að því loknu unnu kennarar saman eftir viðfangsefnum að



Heimsókn í Engidalsvirkjun

kennsluáætlunum og skipulagi kennslu. Kennarar frá okkur fóru einnig á samstarfsfundi með kennurum sem kenna sömu viðfangsefni í öðrum skólum. Þá var haldinn einn samstarfsfundur með kennurum unglingastigs og kennurum Menntaskólans á Ísafirði. Nemendur okkar fóru einnig í nokkuð margar heimsóknir svo sem heimsókn í Íslandssögu í tengslum við fiskapema á miðstigi og í Engidalsvirkjun í tengslum við orkupema.



*Miðstig í heimsókn hjá
Íslandssögu*

9. og 10. bekkur fóru á sýninguna „Mín framtíð“ í Laugardalshöll, þar sem allir möguleikar til framhaldsnáms á Íslandi eru kynntir og í leiðinni á Norðurljósasýninguna í Perlunni.


10. bekkur fór einnig á kynningu í menntaskólanum á Ísafirði. Yngsta stig fór í heimsókn á Náttúrugripasafnið í Bolungarvík og í sund ásamt elstu nemendum leikskólans.

Við fengum í það minnsta þrjár leiksýningar og eina óperusýningu á skólaárinu og svo héldum við líka árshátíð að vanda þar sem nemendur fluttu frumsamin verk. Þó að sýningin sjálf hafi kannski ekki verið mjög löng krafðist hún mikils og fjölbreytts undirbúnings eins og allir sem leikið hafa í leikritum vita. Sesar A, rappari, kom í heimsókn til okkar og útskýrði meðal annars tengsl rappans og gömlu íslensku þulunnar.

Nemendur hafa farið margar hjólaferðir á skólaárinu og sú lengsta var þegar hjólað var gegnum göngin til Ísafjarðar.

Við erum þátttakendur í Erasmusverkefni um mannréttindi og í tengslum við það fór nemandi frá okkur í heimsókn til Grikklands og kennari á námskeið til Dublin, okkur að kostnaðarlausu.

Nemendurnir okkar tóku þátt í nemendapíngi Skólasviðs Ísafjarðarbæjar. Við höldum líka okkar eigið nemendapíng þar sem nemendur ræddu hvað þeir sjálfir, starfsfólk skólans og svo foreldrar þeirra gætu gert til að hjálpa þeim við að ná sem bestum árangri í skólastarfinu. Flestar vikur skólaársins var eitthvað um að vera í skólanum sem ekki var á hefðbundinni stundatöflu og líklegt að eitthvað af því hafi gleymst í þessari upptalningu.



Nemendapíng

Markmið og stefna

Skólanámskrá skólans er í endurskoðun og þar með einnig stefna hans. Sú vinna klárast væntanlega á haustönn og þá verður ný skólanámskrá sett inn á heimasíðu skólans.

Starfsmarkmið skólaársins 2018-2019

Eftirfarandi markmið voru sett fyrir skólaárið 2018-2019. Nú hafa þau verið metin eins og kemur fram hér að neðan og ný markmið sett fyrir skólaárið 2019-2020 bæði í ljósi mats á þessum markmiðum, niðurstaðna úr sjálfsmati starfsmanna og samræðufunda með foreldrum.

1. Að efla ábyrgðartilfinningu nemenda gagnvart eigin líðan og námi.

Leið: Með því að vinna í anda Uppbyggingarstefnunnar og auka sjálfstæði og valhæfni nemenda svo sem við námsáætlanir og sjálfsmat. Viðmiðið er frjálsari skólabragur og aukin ábyrgðartilfinning nemenda. Nemendur setja sér markmið í skólabyrjun sem umsjónarkennari, nemandi og foreldrar meta saman í foreldraviðtölum. Allir hópar geri bekkjarsáttmála og skilgreini hlutverk nemenda og kennara í kennslustofunni. Allir kennarar nýti þessi verkfæri í vinnu með nemendum.

Mat: Nemendakönnun Skólapúlsins, mat eldri nemenda á eigin markmiðum og mat nemenda á hvernig hefur gengið að vinna samkvæmt bekkjarsáttmálum.

Niðurstaða: Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins eru nemendur í Grunnskólanum á Suðureyri almennt ánægðir með skólann sinn. Bekkjarsáttmálar voru gerðir í tveimur hópum

af þremur en mikið var unnið með samskipti í þriðja hópnum þó svo að formlegur sáttmáli hafi ekki verið gerður. Hlutverk kennara og nemenda voru skilgreind í öllum bekkjum.

2. Að efla samskipti milli heimila og skóla.

Leið: Með öflugri upplýsingamiðlun til foreldra. T.d. með virkri heimasíðu og upplýsingafundum. Haldnir verði að minnst kosti þrjár samstarfsfundir foreldra og skóla á skólaárinu. Haustfundur þar sem helstu verkfæri Uppbyggingar verða kynnt fyrir foreldrum og hlutverk foreldra og skóla vegna skólagöngu verða skilgreind, fræðslufundur um læsi og hlutverk heimila við lestrarþjálfun í nóvember og á vorönn verði vinnufundur með foreldrum þar sem einkunnarorð skólans verða skilgreind. Sett verði að minnsta kosti ein frétt á heimasíðu skólans vikulega. Allir foreldrar fái aðgang að “Mentor” þar sem ýmsar upplýsingar varðandi námsframvindu nemenda eru geymdar. Allir námshópar bjóði foreldrum einu sinni á skólaárinu á kynningu eða annan viðburð sem nemendur og kennarar skipuleggja saman.



Foreldrar á ferðakynningu hjá miðstigi

Mat: Foreldrakönnun Skólapúlsins og yfirlit yfir mætingu á fundi.

Niðurstaða: Ekki tókst að hafa fræðslufund um læsi eins og áætlað var og á vinnufundi á vorönn var ákveðið að skilgreina frekar hlutverk heimila og skóla vegna skólagöngu og því á enn eftir að skilgreina einkunnarorð skólans. Að öðru leyti náðust þessi markmið.

3. Að auka vitneskju nemenda um mikilvægi góðrar heilsu

Leið: Nemendum verði kennd helstu viðfangsefni Uppbyggingar til að efla ábyrgð og stýra eigin hegðun þannig að hún verði árangursrík þegar litið er til framtíðar.

Mat: Nemendakönnun Skólapúlsins.

Niðurstaða: Flestir nemendur í 6.-10.bekk eru meðvitaðir um mikilvægi góðrar heilsu og hafa öðlast verkfæri til að stýra eigin hegðun.

4. Að auka lestrarfærni nemenda og ánægju af lestri.

Leið: Yndislestur á hverjum degi, regluleg lestrarátök og að kennarar og starfsfólk tali fyrir mikilvægi lesturs reglulega. Kennarar hvetja foreldra og nemendur til lesturs. Þátttaka í Stóru

– upplestararkeppninni, „Lestrarhátíð Suðureyrar“ með þátttöku íbúa verði haldin á degi íslenskrar tungu þann 16.nóvember.

Mat: Nemendakönnun Skólapúlsins, lesfímimælingar í Skólagátt.

Niðurstaða: Nemendur skólans eru talsvert fyrir ofan landsmeðaltal í ánægju af lestri samkvæmt niðurstöðu Skólapúlsins. Lestrarhátíðin var á sínum stað og allir nemendur 7.bekkjara tóku þátt í Stóru upplestrarhátíðinni. Nemendur fóru og lásu fyrir starfsfólk Íslandssögu og nemendur leikskólans. Niðurstöður úr lesfímiprófum eru enn ekki nógu góðar.

5. Unnin verði ný fimm ára áætlun um innra mat.

Gerð verði ný fimm ára áætlun um innra mat þar sem sjónum verði sérstaklega beint að samstarfi, það er samstarfi innan skólans, við aðra skóla og við samfélagið.

Leiðir. Notast verður við Gæðagreina til matsins og þess gætt að allir starfsmenn taki þátt í matinu.

Mat: Áætlun tilbúin fyrir lok desember, mat starfsmanna á vinnunni liggja fyrir í júní.

Niðurstaða: Áætlunin er tilbúin.

6. Unnið verði með aukið upplýsingastreymi í skólanum.

Leiðir. Komið verði upp sameiginlegu skóladagatali í outlook þar sem skólastjóri setji inn alla helstu viðburði. Stofnaður verði facebookhópur starfsmanna. Stofnuð verði ný facebooksíða fyrir foreldra þar sem aðeins fari inn almennar skriflegar upplýsingar. Nýjar fréttir verði settar á heimasíðu skólans í það minnsta einu sinni í viku.

Mat: Kannanir Skólapúlsins fyrir foreldra og mat starfsmanna á miðlun upplýsinga.

Niðurstaða: Sameiginlegu skóladagatali var komið upp og almenn ánægja er með það, ný facebook síða var stofnuð og fréttir komu á heimasíðuna í hverri viku. Að auki tók Ísafjarðarbær upp upplýsingakerfið workplace sem hefur verið tekið upp í skólanum.

7. Einkunnarorð skólans verði sýnileg í starfi með nemendum.

Leiðir. Unnið verði með skilgreiningar á einkunnarorðum skólans með öllum nemendahópum.

Mat: lagt verður mat á sýnileika einkunnarorðanna að vori 2019.

Niðurstaða: Einkunnarorðin eru skrifleg á veggjum skólans en eftir á að skilgreina þau með nemendum.

8. Innleiðing nýrra starfshátta í tengslum við lög um persónuvernd og skjalavörslu.

Leiðir: Komið verði upp skjalaskápum og persónugögn flokkuð samkvæmt skjalavörslukerfi Ísafjarðarbæjar. Allir starfsmenn fái fræðslu um nýjar reglur um meðferð persónuupplýsinga. Umgengni um persónugögn nemenda og starfsmanna verði samkvæmt viðmiðum sem sett hafa verið af persónuverndarfulltrúa.

Mat: Persónuverndarfulltrúi Ísafjarðarbæjar meti meðferð starfsmanna á persónugögnum fyrir lok skólaárs.

Niðurstaða: Persónuverndarfulltrúi hefur látið af störfum svo ekki er hægt að fá mat á vinnu skólaársins en öll persónugreinanleg gögn um núverandi nemendur og starfsfólk eru komin í möppur í læstum skjalaskáp á skrifstofu skólastjóra. Allir starfsmenn fengu fræðslu um meðferð persónuupplýsinga og vinna samkvæmt lögum þar um.

Kennsla og skipulag bekkjardeilda

Nemendum skólans er kennt í þremur bekkjardeildum í flestum kennslustundum, á þessu er þó undantekning í verkgreinum og erlendum tungumálum. Auka móðurmálskennsla er í tælensku og pólsku.

Yngsta stig

Á yngsta stigi byrjuðu 16 nemendur í upphafi skólaárs en um ármót flutti einn í burtu. Í fyrsta bekk voru 2 nemendur, 2 í 2. bekk, 4 í 3. bekk og 7 í 4. bekk. Kynjaskipting var 8 stelpur og 7 strákar. Umsjónarkennari yngsta stigs var Vilborg Ása Bjarnadóttir. Auk hennar kenndu Jóhannes Aðalbjörnsson, Aldís Jóna Haraldsdóttir og Ólöf Birna Jensen í bekknum en tveir kennarar voru með hópnum í íslensku og stærðfræði. Krístrún Linda Jónasdóttir stuðningsfulltrúi var einnig með hópnum í flestum kennslustundum.

Helstu námsgreinar og viðfangsefni

Íslenska

Unnið var út frá Byrjendalæsi í fyrsta og öðrum bekk og lögð var áhersla á stafainnlögn sem og orðaforða. Í þriðja og fjórða bekk var talsverð verkefnavinna meðfram vinnu í námsbókum. Þrisvar yfir veturinn var unnið aukalega með lestur með því að taka lestrarátök. Unnið var með helstu atriði íslenskunnar s.s. sérhljóða, nafnorð, stafrófsröð, stóra stafi og litla stafi, eintala og fleirtala sem og lesskilning. Einnig var farið í verkefni í tengslum við málshætti í samstarfi við miðstig.

Stærðfræði

Nemendur unnu aldursmiðað efni þ.e. stuðst var við þær bækur sem stílað eru inn á hvern árgang og notast var við Sprotu 1a og b, 2a og b, 3a og b og 4a og b. Einnig var annað efni notað þegar ástæða þótti til. Spilahringekja, bingó og fimmmínukubbar voru notuð yfir veturinn.

Lífsleikni

Í lífsleikni var unnið með kennslufnið Vini Zippýs sem er verkefni sem Geðrækt gaf út. Einnig var farið í vináttuþema sem tengt var íslenskunni.

Samfélagsfræði

Komdu og skoðaðu Land og þjóð og Komdu og skoðaðu Íslenska þjóðhætti voru bækur sem unnið var með í samfélagsfræði. Einnig var notast við bókina Trúarbrögðin okkar í Trúarbragðafraði.

Náttúrufræði

Unnin voru ánægjuleg og fjölbreytt verkefni með áherslu á sjóinn og tækni. Námið var blýants- og blaðalaust, en krafðist töluverðrar samvinnu á milli nemenda auk eigin ígrundunar.

Miðstig

Hópurinn taldi 13 nemendur við upphaf skólaárs, 10 drengi og 3 stúlkur. Einn nemandi hætti námi við skólann á haustönn og voru þá eftir 9 drengir og 3 stúlkur. Í fimmta bekk voru 5 drengir, í sjötta bekk voru 2 drengir og í sjöunda bekk voru 3 stúlkur og 2 drengir við lok skólaársins. Umsjónarkennari miðstigs var Sara Hrund Signýjardóttir. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Jóhannes Aðalbjörnsson, Ólöf Birna Jensen, Aldís Jóna Haraldsdóttir.

Helstu námsgreinar og viðfangsefni

Íslenska

Í íslensku var lögð áhersla á fjölbreytt viðfangsefni og var náminu skipt upp í bóklega vinnu og verkefnavinnu ýmiskonar. Sérstök áhersla var á ritunarhæfni, tjáningu og lesskilning. Bækur sem notast var við voru t.d. Málrækt 1, 2 og 3. Smellur 1. Málfræðibókin mín 1 og 2. Ljóðabækur, efni á Skólavefnum, ýmis verkefnahefti, sögubækur og skrifarbækur.

Stærðfræði

Allt miðstigið var í þessum áfanga 5-7 bekkur samtals 12 nemendur. Tekin voru fyrir atriði í Stiku 1 A&B, Stiku 2 A&B og Stiku 3A&B.

Náttúrufræði

Til grundvallar voru kennslubækurnar Lífríkið í sjónum og Auðvitað – heimilið. Gerðar voru tilraunir og verkefni í bókum unnin. Spjaldtölva var notuð óspart bæði við skráningar og upplýsingaöflun. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námframvindu og góðum árangri.

Samfélagsfræði

Allt miðstigið var í þessum áfanga 5-7 bekkur samtals 12 nemendur. Fyrir annarskipti var farið í Biskupasögur, Þróun tækni, Æskulýðsróttækni, Rokksögu og sögu Inka, Azteka og Maya. Eftir annarskipti var ferðast um Evrópu og nemendur settu upp ferðakynningar.

Enska

Í þessum áfanga voru nemendur 6. og -7. bekkjar, samtals átta nemendur. Fyrir annarskipti var farið í Action og eftir annarskipti voru lestrabækur, málfræði æfingar og orðaforðavinna.

Danska

Í dönsku voru nemendur 6 og 7 bekkjar. Unnu þeir í bókunum Start og Smart. Mikið var um paravinnu bæði í bóklegri vinnu og verkefnavinnu. Lögð var áhersla á að nemendur kynntust danskri menningu í gegnum ýmsa miðla t.d., söng og skilning á talaðri dönsku.

Lífsleikni

Í lífsleikni var lögð áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð, samtal bekkjarfélaga, samvinnuverkefni og umræður um vinsamlega hegðun og samskipti.

List

Allt miðstigið var í þessum áfanga 5-7 bekkur samtals 12 nemendur. Farið var yfir ákveðin atriði í listasögu, myndlist, pappírlist og ljóðlist. Farið var í grunnaðferðir við mismunandi gerðir af myndlist.

Elsta stig

Í elsta hóp eru 11 nemendur, 3 drengir og 8 stúlkur. Það er samkensla þriggja árganga og eru 6 nemendur í 8. bekk, 3 í 9. bekk og 2 í 10. bekk. Umsjónarkennari elsta hóps er Bryndís Ásta Birgisdóttir. Aldís Jóna Haraldsdóttir, Bryndís Ásta Birgisdóttir, Jóhannes S. Aðalbjörnsson, Ólöf Birna Jenssen, Óskar Guðmundsson og Sara Hrund Signýjardóttir koma að kennslu hópsins. Stuðningsfulltrúi er Arnheiður Svanbergisdóttir. Sérkennari er Vilborg Ása Bjarnadóttir.

Helstu námsgreinar og viðfangsefni

Íslenska

Unnið er úr frá Aðalnámsskrá grunnskóla. Náms efni kemur því úr ýmsum áttum en grunnefni er Skerpa 1 -3. Ýmsar bókmenntabækur eru notaðar ásamt ljóðabókum og tilfallandi verkefnum. Ýmsir kennsluhættir eru notaðir t.d. hópinnlagnir, verklegar æfingar, innlifun og tjáning, hópvinna og sjálfstæð skapandi vinna. Námsmat er símat og könnunarpróf í lok kafla ásamt verkefnavinnu.

Stærðfræði

Teknir eru fyrir námsþættir úr Aðalnámsskrá grunnskóla. Náms efni sem hentar í hvert sinn er tekið úr Skala 1 – 3, Almennri stærðfræði I – III og efni af vef. 9. og 10. bekkur fóru í Auraráð. Ýmsir kennsluhættir eru notaðir t.d. hópinnlagnir, verklegar æfingar og sjálfstæð skapandi vinna. Námsmat er símat og könnunarpróf í lok kafla ásamt verkefnavinnu.

Náttúrufræði

Bækurnar Efnisheimurinn, Lífheimurinn og Mannslíkaminn lagðar til grundvallar. Gerðar voru tilraunir og verkefni í bókum unnin. Spjaldtölva var notuð óspart bæði til að skrá inn á og til að afla sér upplýsinga um viðfangsefnið. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námframvindu og góðum árangri.

Samfélagsfræði

Aðalnámsefni skólaársins var Þjóðfélagsfræði og Mannréttindasáttmálinn sem var unninn í gegnum Erasmus+ verkefni ásamt nemendum í 9. bekk í Grunnskólanum á Ísafirði og skólum í Svíþjóð, Hollandi, Grikklandi og Búlgaríu. Ýmsir kennsluhættir eru notaðir t.d. hópinnlagnir, verklegaræfingar, hópavinna og sjálfstæð skapandi vinna. Námsmat er símat og verkefnavinna.

Enska

Til grundvallar voru bækurnar Spotlight, Move on, Go gor it og Texts & task. Netíð var óspart nýtt til þjálfna nemendur í ensku og þar bjargir sem þar er að finna í námi um enska tungu. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námframvindu og góðum árangri.

Danska

Í dönsku var unnið í bókinni TAK, lesbók og vinnubók. Lögð var áhersla á að nemendur lærðu fjölbreyttan orðaforða, öðluðust hæfni í að skilja talaða dönsku og fengju innsýn í danska menningu.

Lífsleikni

Í lífsleikni var unnið með líðan og tilfinningar ásamt samskiptum. Fundarsköp og viðburðastjórnun voru æfð. Notaðar voru samræður, innlagnir og hópavinna. Námsmat er símat.

Upplýsingatækni

Upplýsingatækni var mikið samþættuð með stærðfræði, íslensku og samfélagsfræði þar sem nemendur notuðu tölvurnar og búnað í verkefnavinnu og gerðu verkefni ýmist í exel, glærugerð eða ritvinnslu. Í upphafi árs var fingrasetning æfð.

Sameiginlegir hópar

Verk- og listgreinar hafa að mestu verið kenndar í sameiginlegum hópum. Það er annars vegar hópar úr 1.-6.bekk í smiðjum og svo hópar úr 7.-10.bekk í valgreinum. Í smiðjum fást nemendur við hefðbundin verkefni sem tilheyra smíði og hönnun, textíl, heimilisfræði og myndmennt.

Smiðjur

Hópaskipting var þannig að 1-2 bekkur voru saman, þar voru sex nemendur. 3-4 bekkur voru saman, þar voru níu nemendur. 5-6 bekkur voru saman og þar voru sjö nemendur.

Textíl

Farið var í grunnþekkingu í textíl, hvernig á að nota tæki og tól hverju sinni. Aðallega var farið í útsaum, saumað í saumavél og þrjónað bæði með þrjónum og Loom hring.

Heimilisfræði

Farið var í grunnþekkingu í heimilisfræðum, hvernig á að fara eftir einföldum uppskriftum, nota áhöld sem eru í eldhúsum, lesa á umbúðir, flokka sorp og þekkja helstu hættur í umhverfinu.

Smíði og hönnun

Unnin margvísleg verkefni í tré með áherslu á sköpun með listrænu ívafi. Áhersla var lögð á verkhæfni og að nemendur gætu unnið verkefni sín frá grunni þ.e. gerðu sér grein fyrir verkferlinu frá teikningu til smíðisgripa.

Myndmennt

Farið var í helstu aðferðir myndsköpunar og gerð bæði tvívíð og þrívíð verk. Hver hópur fékk að kynnast einum listamanni og gera verkefni í hans anda.

Valgreinar

Valgreinar voru kenndar í fjórar stundir á viku allt skólaárið. Kenndar voru 12 greinar í mislöng tímabil.

Útivist og hreyfing

Í þessu vali var blandaður hópur úr 7 – 10 bekk. Lögð var áhersla á fjölbreytta útivist í formi hreyfingar, göngutúra, hlaupa, hjólreiða og æfinga. Einnig var nemendum kennt hvernig þeir gætu eytt tíma utandyra án þess að vera að gera eitthvað sérstakt.



Útivist var stunduð allt árið

Skólahreysti

Í þessu vali var blandaður hópur úr 7 – 10 bekk. Lögð var áhersla á styrktaræfingar, þolæfingar og æfingar sem nemendur sjálfir vildu gera. Markmið valsins var að nemendur myndu öðlast hæfni til að taka þátt í Skólahreysti.

Franska

Í þessu vali voru allir nemendur í 7 – 10 bekk. Nemendur fengu kennslu í grunnorðaförða frönsku, framburði og fengu innsýn í franska menningu.

Auka aðstoð

Í þessu vali voru allir nemendur í 7. – 10. bekk alls í sjö skipti. Nemendur unnu í því námsefni sem þeir töldu sig þurfa hverju sinni og fengu aðstoð eftir þörfum.

Áhugasvið

Í þessu vali unnu nemendur að þeim verkefnum sem þeir völdu sjálfir og vildu fræðast um og fræða aðra. Nemendur völdu sjálfir á hvern hátt þeir skiluðu verkefnum. Þetta val var tvisvar sinnum. Í fyrra skiptið voru 8 nemendur í átta skipti og í seinna sinn voru allir nemendur í 7. – 10. bekk í níu skipti.

Skák

Það voru 10 nemendur í þessu vali í 4 skipti. Nemendur æfðu sig í skák, fóru yfir aðferðir/leiki og tefldu við aðra.

Heimilisfræði

Allir nemendur í 7. – 10. bekk voru í þessu vali samtals í tólf skipti. Þeir völdu sjálfir í upphafi hvað þeir vildu læra að gera. Ýmis bakstur og eldamennska varð fyrir valinu.

Textílmenn

Það voru 8 nemendur sem völdu þetta val sem var alls í sex skipti. Þetta er full stuttur tími til að hægt sé að gera eitthvað stórt. Þetta voru allt stelpur og m.a. saumuðu þær út Harry Potter bókamerki, litlar útsaums myndir og saumuðu púða.

Upplýsingatækni

Í þessum áfanga var blandaður hópur úr 7-10 bekk samtals átta nemendur. Farið var yfir grunnþætti í Word þar á meðal skráningu heimilda og grunnþætti í Exel, þó aðallega forritun reita.

Náttúrufræðitilraunir

Í þessum áfanga var blandaður hópur úr 7-10 bekk samtals átta nemendur. Þessi áfangi fékk rangt heiti og í rauninni fjallaði um Landvarðarstarf, farið var yfir helstu störf landvarða, mældar voru tóftir og skrásettar.

Myndlist

Í þessu vali voru allir nemendur í 7. – 10. bekk. Nemendum var skipt í tvo hópa og fékk hvor hópur 12 skipti. Helstu verkefni voru sjálfsmynd með blýanti, vatnslita mynd af Geltinum og svo að teikna hlut að eigin vali. Að auki fengu nemendur að gera ýmis verk að eigin vali meðal annars að taka ljósmyndir og vinna þær í tölvu.

Forföll nemenda

Í upphafi skólaárs voru nemendur 412 en þrír nemendur fluttu burt á árinu og því voru aðeins 38 nemendur í skólanum við skólaslit í vor. við Grunnskólann á Suðureyri í vetur. Almennt er mæting í skólann góð og engar óheimilar fjarvistir. Leyfis dagar sumra nemenda eru þó það margir að líklegt er að þeir hafi áhrif á námsframvindu. Þrjá nemendur vantar 12% skóladaganna eða 21 dag að meðaltali sem er eins og mánaðarfjarvera. Einn nemandi mætti í skólann alla daga vetrarins. Í töflu hér að neðan má sjá meðaltalsfjarveru og seinkomur nemenda síðustu tvö skólaár og sjá má að mætin var betri á þessu skólaári en því síðasta.

meðaltöl	veikindadagar	leyfis dagar	seint
2018-2019	3	4,9	0,9
2017-2018	5,2	7,7	1,4

Um starfsmannamál


Stöðugildi við skólann voru samtals 8, þar af 6,5 við kennslu og stjórnun og 1,5 við önnur störf. Auk þess naut skólinn þjónustu náms- og starfsráðgjafa í um 20% starfshlutfalli og

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2018-2019

skólahjúkrunarfræðings eftir þörfum. Langtímaveikindi lituðu skólastarfið um tíma en ávallt reyndist unnt að manna bráðnauðsynleg forföll. Eldri nemendur voru þó stundum sendir heim eftir hádegi. Veikindadagar kennara voru 80 eða 12,3 að meðaltali og annarra starfsmanna 10 eða 6,6 að meðaltali. Hluti þessa voru langtímaveikindi og ef veikindi í þrjá samfelldar vikur eru tekin frá verður meðaltalið 7,3 dagar á hvern kennara. Leyfistímar kennara voru 123, hluti þeirra vegna símenntunar eða annarra starfa fyrir skólann. Greidd forföll voru 113 tímar og stafar stærstur hluti þess af því að íþróttakennari skólans hætti störfum 30.apríl og manna þurfti íþróttatíma eftir það. Skólastjóri tók talsvert af forfallatímum, eða að meðaltali 3-4 tíma á viku, bæði til að leysa vanda en einnig til að koma að kennslu fleiri nemenda.

Niðurstöður samræmdra prófa

Menntamálastofnun leggur fyrir próf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk og í íslensku, stærðfræði og ensku í 9.bekk. Nemendur skólans hafa undanfarin ár verið færri en 10 í árgöngum og því eru meðaltalstölur hvers árs ekki birtar heldur meðaltal raðeinkunna síðustu fimm ára. Samræmt próf var í fyrsta sinn lagt fyrir í 9.bekk árið 2016 og árið 2017 urðu alvarleg tæknimistöð hjá Menntamálastofnun við fyrirlagningu svo ekki verður til grunnur til að búa einkunnir 9.bekkjara til birtingar fyrr en árið 2022. Skólinn getur samt sem áður byggt mat sitt á námsárangri á árangri nemenda á þessum prófum. Hér má sjá meðaltals raðeinkunnir nemenda í 4. og 7.bekk í íslensku og stærðfræði síðustu ár og sjá má að árangur fer allstaðar vaxandi nema í íslensku í 7.bekk. Árangur í stærðfræði er mun betri en í íslensku og gefur það vísbendingar um að með breyttum kennsluháttum verði hægt að auka árangur nemenda í íslensku.



Árangur nemenda í 9.bekk hefur ekki verið vaxandi og nauðsynlegt að bregðast við því.

Lesferill

Á vef Menntamálastofnunar má fá lesfímipróf sem lögð eru fyrir í flestum skólum landsins. Prófin eru lögð fyrir þrisvar á skólaárinu og fær skólinn niðurstöður sínar bornar saman við niðurstöður allra annarra sem taka prófin. Sett eru fram þrjú viðmið fyrir hvern árgang, það er lágmarksviðmið sem gert er ráð fyrir að allir nemendur nái, meðaltalsviðmið sem gert er ráð fyrir að flestir nemendur nái og svo efsta viðmið sem aðeins vel læsir nemendur ná. Ekki er hægt að birta yfirlit skólans þar sem nemendur í hverjum árgangi eru fáir og mögulegt að lesandi geti áttað sig á stöðu einstaklinga. Niðurstöður skólans eru ekki ásættanlegar í þessari mælingu og verður brugðist við því í starfsmarkmiðum næsta árs. Skólasviði Ísafjarðarbæjar hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðunni.

Aðkeypt þjónusta

Skólinn fær sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómsundarsviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Keypt er túlkþjónusta fyrir foreldrafundi og fundi með sérfræðingum. Einnig höfum við keypt akstur fyrir nemendur vegna sameiginlegra viðburða skólanna, Fablab-heimsókna og annarra ferða á vegum skólans.

Sjálfsmat

Í 35. og 36. gr. VIII kafla í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólastarfsins. Starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri hefur unnið að sjálfsmati skólaárið 2018-2019. Í skólanum er notað matskerfið „Gæðagreinar“ Í vetur voru unnin sex matsverkefni sem nánar er lýst í matskýrslu skólans. Helstu niðurstöður matsins voru notaðar til að búa til umbótaáætlun næsta skólaárs og við að setja starfsmarkmið.

Viðhald

Á skólaárinu voru endurnýjaðar perur í loftljósum í öllum skólastofum og keypt ný uppþvottavél í heimilisfræði/matsal. Eins og áður hefur komið fram greindist mygla í skólahúsnæðinu í vor og setur það mark sitt á viðhaldsframkvæmdir ársins. Nú í sumar er ráðgert að endurnýja þak og loftklæðingu, setja upp led-lýsingu í skólastofum, setja aukavegg á skrifstofu skólastjóra svo geymsla sem er innbyggð í skrifstofuna geti verið opin,

en þar er rafmagnstafla sem starfsmenn þurfa að geta komist í. Aðkallandi eru eftir sem áður lagfæringar á salernum, heimilisfræðiaðstöðu, í anddyri og á vinnusvæði kennara. Æskilegt væri að opna milli tveggja stofa á efri hæð og setja þar rennihurð. Einnig þarf að klára vinnu við skólalóðina.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 2018 gerði ráð fyrir heildarkostnaði við rekstur hans upp á 183 350 814 krónur, niðurstöðutölur ársins voru 184 669 042 eða mismunur upp á 1 318 228 krónur eða tæplega 1% svo segja má að fjárhagsáætlun hafi staðist nokkuð vel. Keyptir voru skjávarpar í allar þrjár bekkjarstofurnar, kortagrindur hækkaðar, keyptir nýir ípadar fyrir nemendur í 5.bekk, gerðar lagfæringar á netbúnaði og margvísleg önnur smærri gögn og búnaður keypt. Búið er að panta nýja stóla fyrir yngsta stig og borð í myndmenntastofu. Endurnýja þarf húsgögn á vinnusvæði og í kaffistofu og helst þyrfti að fá ljósleiðara í skólann, kaupa lítinn snjóblásara og setja vask í myndmenntastofu, einnig væri æskilegt að kennarar í fullu starfi hefðu eigin fartölvu til afnota og verður óskað eftir fjármagni til þessara hluta á næstu fjárhagsáætlun.

Samstarf við nærsamfélagið og gjöf til skólans

Súgfirðingar standa vel við bakið á skólanum og sýna það í verk með margvíslegum hætti.

Klofningur hefur til þessa greitt fyrir móðurmálskennslu í tælensku og öll fyrirtæki á svæðinu styðja dyggilega við félagslíf nemenda.

Þóra Þórðardóttir, fyrrum kennari við skólann færði skólanum rausnarlega peningagjöf til að koma upp steinasafni sem skólanum barst fyrir áratugum síðan og hefur legið í kössum alla tíð síðan. Búið er að hafa samband við Náttúrugripasafn Íslands til að fá ráðgjöf við verkið.

Samstarf við leikskólann Tjarnabæ gekk samkvæmt áætlun. Nýnemar fór í heimsókn í leikskólann í haust og elstu nemendur leikskólans hafa verið í reglulegum heimsóknum í skólanum frá áramótum. Einnig hafa skólarnir sameinast um ferðir á viðburði.

Lokaorð

Almennt hefur starf vetrarins gengið samkvæmt áætlun og aldrei þurfti að fella niður skólastarf vegna veðurs. Það eru ýmis sóknartækifæri í starfi og umgjörð skólans og starfsfólk hefur skipulagt þróunarverkefni í þremur liðum sem hrint verður í framkvæmd á næstu

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2018-2019

tveimur árum. Verkefnið snýst um að efla möguleika foreldra af erlendum uppruna til að styðja við börn sín í skólanum, vinna með orðaforða í öllum námsgreinum og efla samstarf bæði innan skólans, við starfsfólk leikskólans og samstarfsfólk í öðrum skólum sveitarfélagsins. Verkefnið hefur fengið ágæta styrki og mun njóta stuðnings kennara við Háskóla Íslands.

Suðureyri 14.júní 2019

Jóna Benediktsdóttir

skólastjóri Grunnskólans á Suðureyri

skólaárið 2018-2019